

**Nd.**

## **106. Frumvarp til laga**

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Bjarnason, Halldór Ásgrímsson,  
Ingólfur Jónsson, Jónas Jónsson.

### **1. gr.**

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað ríkissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

### **2. gr.**

Nú telur þjóðminjavörður ástæðu til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt hús þessi eða mannvirki hafi ekki enn náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa, og er þjóðminjaverði þá heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. Um bætur eða tjón, sem eigandi eða notandi verður fyrir vegna þessara ráðstafana, fer samkv. 6. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

### **3. gr.**

Byggingar í eign ríkisins, sem varðveittar eru sem fornleifar samkv. ákvæðum 2. gr., er heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að nota til þess að koma þar fyrir byggðasafni, þ. e. gripum, áhöldum og alls konar munum, er tilheyrðu slíkum byggingum og tíðkaðist að nota á því tímabili, er þessar byggingar voru reistar, svo að bygging og húsbúnaður verði í fullu samræmi.

Nú er um fleiri en eina byggingu að ræða og ágreiningur um, hverja þeirra skuli velja til afnota fyrir byggðasafnið, og skal þá hlíta um það úrskurði þjóðminjavarðar. Afnot af framangreindum byggingum skulu bundin þessum skilyrðum:

1. Að safnið teljist sjálfstæð deild í þjóðminjasafni Íslands og verði undir eftirliti þjóðminjavarðar.

2. Að safnið sé viðurkennd eign héraðs eða héraða (landsfjórðungs) og eigandi þess skuldbindi sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að í góðu lagi sé.
3. Að þeir aðilar, er að byggðasafninu standa, leggi alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa.

4. gr.

Nú ákveður hérað eða héruð í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem hæfar eru taldar til slíkrar safngeymslu, að dómi þjóðminjavarðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að  $\frac{1}{4}$  kostnaðar, enda samþykki þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Byggðasöfn, er fullnægja ákvæðum laga þessara, njóta styrks úr ríkissjóði, þannig að árlegur kostnaður af viðhaldi og umsjón þeirra greiðist að  $\frac{2}{3}$  úr ríkissjóði og  $\frac{1}{3}$  af þeim, er að byggðasafninu standa.

6. gr.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með byggðasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum og njóta styrks úr ríkissjóði.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hættu búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, tekið gripi safnsins til varðveislu.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal tölu byggðasafna, er styrks njóta samkv. lögum þessum. Í reglugerð má ákveða viðurlög fyrir brot á fyrirælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

### Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nágrennar okkar á Norðurlöndum og Bretlandi og raunar flestar menningarþjóðir leggja áherzlu á að varðveita fornminjar sínar og annað, er snertir sögu þeirra og menningu, og hafa varið til þess ærnu fé.

Með stofnun þjóðminjasafnsins og setningu laganna um verndun fornminja voru stigin spor, er marka tímamót hér á landi í þessum efnum. Þessar aðgerðir komu í veg fyrir, að útlendingar létu greipar sópa og næðu í sínar hendur forngripum þjóðarinnar. Margir Íslendingar litu í fyrstu svo smáum augum á þessa arfleifð vora, að þeir töldu það tæplega ómaksins vert að hirða um hana. Þetta hefur breytzt: nú er þjóðminjasafnið talið af öllum skynbærum mönnum meðal dýrmætustu eigna þjóðarinnar.

Þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í þessum efnum, er margt enn ógert, sem vinda þarf að bráðan bug. Síðan lögin um verndun fornminja voru sett, 1907, hafa ný og aðkallandi verkefni komið til sögunnar. Þáttaskipti hafa orðið í húsagerð og búnaðarháttum sveitanna, sem hafa valdið því, að margt er nú að hverfa, sem þjóðin hefur búið við og notað lítið breytt öldum saman, jafnvel allt frá landnáms tíð, mótað af íslenskum aðstæðum og búnaðarháttum þeirra tíma. Gömlu kirkjurnar og bæirnir með sínu sérkennilega byggingarsniði eru að hverfa, til eru heil héruð, þar sem allar slíkar byggingar, sem nokkurs eru verðar, hafa verið jafnaðar við jörðu. Jafnhliða þessu er að verða stórfelld breyting á öllum búnaðarháttum, nýjar

vinnuaðferðir samfara nýjum verkfærum og vélum hafa rutt sér til rúms og valda því að margvísleg áhöld og verkfæri eru lögð á hilluna og verða fáséðari með hverju ári, sem líður.

Þegar séð var, að hverju fór, vaknaði áhugi hjá einstökum mönnum að bjarga einhverju af þessu frá eyðileggingu. Fyrir forgöngu þjóðminjavarðar og annarra áhugamanna hefur tekizt að koma því til leiðar, að gamlar og merkilegar byggingar verða varðveittar, svo sem skálinn á Keldum á Rangárvöllum, Víðimýrakirkja, bæirnir á Burstarfelli, Grenjaðarstað og Glaumbæ o. fl., og að Alþingi hefur heimilað fé til viðgerðar á þessum byggingum.

En við þetta hefur ekki verið látið sitja, félög og einstakir áhugamenn í nokkrum héruðum, t. d. á Vestfjörðum, Skagafirði og Austurlandi, hafa unnið að því að safna gömlum húsbúnaði, búsaðhöldum og verkfærum og þá einkum því, sem nú er að verða fágætt, með það fyrir augum að koma þessum munum fyrir til varðveislu í réttu umhverfi, þ. e. gömlum bæ eða nýjum, sem þá væri sniðinn eftir gömlum fyrirmyndum. Björgunarstarf það, sem hér hefur verið drepið á, hefur aðallega byggzt á áhuga einstakra manna, en meðan svo er, verður óvist um framhaldið. Það þarf því að koma þessum málum á traustari grundvöll. Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er flutt, eru í stuttu máli þessar:

1. Að lagaákvæði vantar um, hvernig fara skuli með fornar byggingar, sem ekki teljast fornleifar, en þykja þess verðar, að þær séu varðveittar.
2. Að nauðsyn ber til vegna breyttra búnaðarháttar, að ríkið stuðli að því, að safnað verða, áður en það er um seinan, ýmiss konar innanstokksmunum, verkfærum og öðru, sem hætt er að nota til sveita og sjávar, og að þessum munum verði komið í geymslu undir yfirumsjón þjóðminjavarðar.
3. Að flutningsmenn telja, að sú skipan, sem hér er ráðgerð, sé líklegust til að bjarga frá eyðileggingu fornum byggingum og munum, sem eftirsjón væri að.

Með frv. þessu er stuðlað að því, að Íslendingar, er uppi verða á næstu öldum, geti skoðað með eigin augum húsakynni, húsbúnað og búsaðhöld, er forfeður þeirra notuðu t. d. um og eftir 1850. Hvers virði þetta getur orðið komandi kynslóðum, verður ljósast, er við hugleiðum, hver fengur okkur mundi þykja að eiga uppistandandi og vel varðveittan þó ekki væri nema einn af stærri bæjum okkar frá 15. eða 16. öld með húsbúnaði og öðru, er þá tíðkaðist, að ekki sé talað um frá þjóðveldistímabilinu. Slíka byggingu með því, er henni tilheyri, mundum við telja meðal dýrmætra eigna þjóðarinnar.